# Frístundamiðstöðin Tjörnin

## Starfsáætlun 2025- 2026

## Látum Draumana rætast



## Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs

***Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.***

# Efnisyfirlit:

Inngangur ... 3
Skipurit Tjarnarinnar ... 4
Leiðarljós/gildi Tjarnarinnar ... 5
Framtíðarsýn ... 5
Hlutverk ... 5
Gildi ... 5
Stutt greinargerð framkvæmdastjóra ... 6
Helstu verkefni á árinu ... 6
Ánægt starfsfólk ... 8
Fræðsla og símenntun ... 9
Mikil þátttaka og ánægja með starfið ... 10
Framsækið fagstarf ... 10
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar ... 12
Umbætur ... 14
Áskoranir, markmið og aðgerðir ... 15
Frístundamiðstöð ... 15
Frístundaheimili ... 17
Félagsmiðstöðvar ... 23
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins ... 27
Samstarf ... 27
Jafnréttisáætlun Tjarnarinnar ... 28

Ábyrgðarmaður: Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri Tjarnarinnar
Gefið út haustið 2025
Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur

## Inngangur

Frístundamiðstöðin Tjörnin heyrir undir skóla- og frístundasviðs (SFS) og starfar eftir Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun. Frístundamiðstöðvarnar vinna jafnframt út frá Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025, en leiðarljós hennar er að Reykjavíkurborg bjóði upp á fjölbreytta og heilsueflandi frístundaþjónustu sem hvetur til virkrar þátttöku, sköpunar og betra samfélags. Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS (2015) er kjölfesta þess starfs sem fram fer á vegum frístundamiðstöðva og skipar veigamikinn sess, ásamt starfsáætlun ár hvert, við framkvæmd og skipulag frístundastarfs fyrir börn og unglinga í Reykjavik.

Til viðbótar við þessi stefnu skjöl sem frístundamiðstöðvarnar vinna eftir er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknum á stöðu barna og unglinga í hverfinu.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera starf frístundamiðstöðva markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf frístundamiðstöðvarinnar gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Starfsáætlunin tekur gildi 1. september 2025 og gildir til 31. ágúst 2026 og hægt er að nálgast hana á heimasíðu Tjarnarinnar www.tjornin.is.

Frístundamiðstöðin Tjörnin þjónustar íbúa í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum. Tjörnin hefur sitt níunda starfsár haustið 2025.

Frístundamiðstöðin heyrir undir skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og rekur félagsmiðstöðvar og frístundaheimili í borgarhlutanum.

Íbúafjöldi í borgarhlutanum var 42.463 skv. heimasíðu Reykjavíkurborgar, haustið 2025. Tólf grunnskólar eru í hverfinu og barnafjöldi í 1. - 10. bekk er 4.322

Stjórnendateymi er skipað Guðrúnu Kaldal, framkvæmdastjóra, Gunnari Hrafni Arnarssyni, fjármálastjóra, Steinunni Gretarsdóttur, deildarstjóra barnastarfs, Andreu Marel deildarstjóra unglingastarfs. Stjórnendateymið hefur aðsetur í Vesturmiðstöð og tilheyrir skóla- og frístundaþjónustu þar. Heildarfjöldi starfsfólks er um 220 í 85 stöðugildum.

Frístundaheimili Tjarnarinnar eru Undraland, Skýjaborgir, Selið, Frostheimar, Halastjarnan, Draumaland og Eldflaugin.

Félagsmiðstöðvar Tjarnarinnar eru Frosti, 100og1, 105, Gleðibankinn, Hinsegin félagsmiðstöð S78 og Tjarnarinnar sem þjónustar allt höfuðborgarsvæðið.

Starfsáætlunarvinna hefst í janúar og er hún unnin í víðtækt samráði við þjónustuþega og starfsfólk. Starfsárið mun taka mið af því að innleiða ný lög um samþætta þjónustu við börn og fjölskyldur. Þau lög taka heildrænt á því að auka farsæld barna og á innleiðingartímanum er gert ráð fyrir að þjónusta og aðgengi íbúa að upplýsingum aukist til muna.

Einnig er stuðst við viðhorfskannanir sem lagðar hafa verið fyrir þjónustuþega og starfsfólk og ýmis konar skýrslur sem unnar eru um starfið.

Starfsstaðir frístundamiðstöðvarinnar gera sínar aðgerðaráætlanir út frá þessari starfsáætlun og er hægt að finna þær á heimasíðum starfsstaðanna. Aðgerðaráætlun hverrar starfseiningar er sett upp í svipuðu formi og skóladagatal til að foreldrar og forsjáraðilar geti fylgst með dagskránni hverju sinni.

## Skipurit Tjarnarinnar



# Leiðarljós/gildi Tjarnarinnar

## Framtíðarsýn

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag.

## Hlutverk

Að koma til móts við þarfir ólíkra einstaklinga, stuðla að alhliða þroska þeirra og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi sem tekur örum breytingum.
Að sjá um rekstur frístundamiðstöðvarinnar, frístundaheimila og félagsmiðstöðva í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum eftir lögum, reglum og stefnum sem um starfið gilda.

Starf í takt við aðgerðaráætlun menntastefnunnar „Látum draumana rætast“ á að endurspegla grunngildi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess með það að markmiði að búa það undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi, í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar.

Tjörnin setur sér það markmið að vera framsækið afl í frístundamálum. Frístundamiðstöðvar leggja áherslu á að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi sem tekur mið af aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegrar stöðu. Starf á vegum frístundamiðstöðva er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og unglinga í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu.

## Gildi

- ✓ **Fjölbreytileiki** - með opnum hug opnast dyr!
- ✓ **Umhyggja** - okkur er ekki sama!
- ✓ **Framsækni** - gott getur alltaf orðið betra!

Hver og einn starfsstaður vinnur áfram með þau gildi sem unnin eru í samráði við börn og unglinga.

| Megináherslur menntastefnu: | Megináherslur frístundastefnu: | Megináherslur starfsskrár frístundamiðstöðva: |
|---|---|---|
| **Félagsfærni** | **Fjölbreytt og skemmtilegt** | **Sjálfmynd** |
| **Sjálfsþekking** | **Virk þátttaka** | **Umhyggja** |
| **Læsi** | **Jöfnuður** | **Félagsfærni** |
| **Sköpun** | **Fagmennska** | **Virkni og þátttaka** |
| **Heilbrigði** | **Forvarnir og lýðheilsa** | |

# Stutt greinargerð framkvæmdastjóra

## Helstu verkefni á árinu 2025 - 2026

Verkefni frístundaheimila og félagsmiðstöðva Tjarnarinnar eru mörg og fjölbreytt og í þessum kafla verður farið í gegnum helstu stefnur og gögn sem verkefni starfsstaðanna taka mið af.

Verkefnið **Betri borg fyrir börn**, samstarfsverkefni skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs sem snýr að því að innleiða lög um farsæld barna, hefur sitt fjórða starfsár en gert er ráð fyrir að það taki fimm ár að innleiða ný lög um samþætta þjónustu fyrir börn og fjölskyldur. Stjórnendateymi Tjarnarinnar er staðsett á Vesturmiðstöð við Austurvöll en framundan er að koma miðstöðinni í ásættanlegt húsnæði sem verið er að leita að. Hlutverk BBB er að færa þjónustu í auknum mæli í skóla- og frístundaumhverfi barna og unglinga, veita viðeigandi stuðning og þétta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Einnig er vinna í gangi varðandi að gera alla ferla og aðkomu að þjónustunni stafrænni.

Aðgerðaráætlun **Menntastefnu Reykjavíkurborgar** er rauður þráður í gegnum allt starfið og allar áætlanir staðanna vinna út frá henni. ðgerðir sem að farið verður koma fram undir hverju

Innleiðing á **lögum um samþætta þjónustu við börn og fjölskyldur** heldur áfram og er nú að hefja sitt fjórða ár af fimm sem að áætlað var að það tæki að innleiða lögin. Lausnarteymi eru starfandi í öllum grunnskólum þar sem tengiliður barns heldur utan um fagfólk sem að kemur að uppeldisumhverfi barnsins. Forstöðumenn eiga fast sæti í lausnarteymum.

**Stefna um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025** rennur sitt skeið um áramótin en meginstoðir hennar eru að bjóða upp á fjölbreytt og skemmtilegt frístundstarf með áherslu á almenna þátttöku og jafnt aðgengi. Fyrirhugað er að leggja ríkari áherslu að útfæra þætti frístundastefnunnar sem hluta af menntastefnunni.

**Lýðheilsustefna Reykjavíkurborgar** er ofinn inn í allt starf Tjarnarinnar. Kjarninn í stefnunni er að fjölga æviárum þar sem íbúar búa við góða heilsu og vellíðan. Hún hefur það markmið að skapa umhverfi og aðstæður sem auka jöfnuð, heilsu og hamingju þannig að allir borgarbúar hafi tækifæri á að njóta lífsins í borg þar sem þeim finnst gott að búa.
Tengt lýðheilsustefnunni er búið að gefa út **forvarnaráætlun** sem gildir út árið 2026.
Helstu áherslur forvarnaráætlunarinnar eru fjölbreytileiki, verndandi þættir og jákvæð samskipti, góð líðan og forvarnir gegn ofbeldi. Þá er tekið er mið af áherslum verkefnisins Betri borg fyrir börn þar sem horft er heildstætt á líf þeirra með mikilvægan stuðning eins og birtist í forvarnarstarfi. Forvarnarstarf fer fram í nánasta umhverfi barna og ungmenna þar sem skóla- og frístundastarf gegnir mikilvægu hlutverki. Miðstöðvar borgarhlutanna gegna lykilhlutverki við að tryggja samhæfingu og samstarf þeirra aðila sem styðja börn, ungmenni og foreldra þeirra í hverfum borgarinnar.

**Græna planið** er heildarstefna Reykjavíkurborgar sem dregur upp framtíðarsýn borgarinnar til ársins 2030 og tengir lykilstefnur og áætlanir borgarinnar við þá sýn. Með áherslu á umhverfi, efnahag og samfélag heldur Græna planið utan um fimmtán lykiláherslur sem virka sem sameiginlegt leiðarljós þvert á svið Reykjavíkurborgar. Menntastefna Reykjavíkur fellur að stórum hluta undir samfélagslega þáttinn, „borg fyrir fólk“ og er aðgerðaráætlun menntastefnunnar beintengd við áherslur græna plansins undir áherslunni **Látum draumana rætast.**

Þegar það kemur að aðstöðumálum félagsmiðstöðva og frístundaheimila þá erum við ávallt að leita leiða til að bæta aðstöðu til fjölbreytts frístundastarfs og aðgengi. Að bæta aðstöðu starfsfólks og barna verður eitt af stóru málum starfsársins.

Forstöðumenn og deildarstjóri unglingastarfs hafa haft frumkvæði að samstarfi við opinbera aðila, félagasamtök og foreldra í borgarhlutanum til að bregðast við áhættuhegðun unglinga en ýmis teikn eru á lofti um að áhættuhegðun sé að aukast. Vettvangsstarf félagsmiðstöðva er virkt og Flotinn, flakkandi félagsmiðstöð starfaði allan veturinn.

Tjörnin stendur fyrir fjölskyldudagskrá í haustfríi og vetrarfríi grunnskólanna í Reykjavík. Sterk hefð er komin fyrir þeim viðburðum og mæting afar góð. Þegar dagskrá er skipulögð þá hafa forstöðumenn frumkvæði að samstarfi við sundlaugarnar í borgarhlutanum.

Tjörninni hefur tekist vel að fá til starfa fagmenntaða tómstunda- og félagsmálafræðinga til að efla fagmennsku en þeir eru nú alls 15.

Flestar starfseiningar Tjarnarinnar hafa hlotið vottun sem **Réttindafrístundaheimili/félagsmiðstöð** ***UNICEF.*** Komið er að endurmati á einhverjum stöðum sem mun fara fram á frístundaárinu. Unnið er eftir vinnulíkani fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og miðar að því að auka virðingu, vernd og innleiðingu mannréttinda.

Öll frístundaheimili og félagsmiðstöðvar Tjarnarinnar hafa hlotið **Regnbogavottun**. Markmiðið með Regnbogavottun Reykjavíkurborgar er að gera starfsemina hinseginvænni, bæði fyrir starfsfólk og þjónustuþega og þannig koma í veg fyrir beina og óbeina mismunun í garð hinsegin fólks. Á starfsárinu verður verklaginu fylgt eftir og fræðslu hvað varðar hinsegin málefni verður haldið á lofti. Allt starfsfólk ber regnbogabönd til að votta að börn og unglingar eiga skjól hjá þeim.

Einelti er ekki liðið í frístundastarfinu, hvort sem um ræðir í barna- og unglingahópnum eða í starfsmannahópnum. Unnið er eftir **Gátlista vegna eineltis | Reykjavik** þegar kemur að því að sporna gegn einelti í barna- og unglingahópum og nýrri **EKKO stefnu** gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi í starfsumhverfinu.
Einnig er unnið með vináttufærni í frístundaheimilum en það er aðferðarfræði sem notuð er til að draga úr líkum á að einelti eigi sér stað, að börnin einangrist eða lendi utan við jafningahópinn. Í félagsmiðstöðvum eru hópar kortlagðir út frá sambærilegri hugmyndafræði. Unnið er í samstarfi við verkefnastjóra forvarna gegn ofbeldi sem starfar miðlægt á skóla- og frístundasviði í tímabundinni ráðningu.

Í frístundastarfinu ríkir ***fjölmenning*** og samfélagið er fjölbreytt. Áhersla er lögð á að taka vel á móti nýjum fjölskyldum. Til eru verkferlar um móttöku og aðlögun og unnið er eftir móttökuáætluninni **Velkomin í hverfið þitt** þar sem samskipti við fjölskyldur eru settar í fastan farveg. Efling orðaforða, tjáning, samskipti og félagsfærni þar sem aðstoðað er við að aðlagast í nýju menningarumhverfi.
Einnig er unnið eftir fjölmenningarstefnunni **Heimurinn er hér.**
Starfsstaðir Tjarnarinnar vinna eftir málstefnu þar sem lögð er áhersla á að styðja við íslenskt málumhverfi barna og unglinga, jákvætt viðhorf til íslenskrar tungu með málrækt að leiðarljósi. Unnið er í góðu samstarfi við Miðju máls og læsis.

***Ungmennaráð*** Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða er öflugt ráð ungmenna. Ráðið er leitt af starfsfólki Tjarnarinnar. Fulltrúar úr ungmennaráðinu eru hluti af Reykjavíkurráði ungmenna.

Frístundamiðstöðin Tjörnin er hluti af ***heilsueflandi borgarhluta*** ásamt öðrum starfsstöðvum borgarinnar í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum. Frístundamiðstöðin og hennar starfsstaðir hafa skuldbundið sig til að bjóða upp á heilsueflandi frístundastarf og leggja sitt af mörkum í að heilsuefla nærsamfélagið í samstarfi við aðrar stofnanir og félagasamtök í hverfinu. Áhersluþættir samstarfsins eru næring, hreyfing, líðan og lífsstíll. Innleiðing á ***fimm leiðum að vellíðan*** verður verkefni starfsársins.

***Foreldrasamstarf*** verður áfram einn af stóru áhersluþáttunum í starfinu. Að ná enn frekar til foreldra og forráðamanna. Unnið er eftir gátlistum um foreldrasamstarf og áhersla verður á að kynna starfið vel og hafa upplýsingar aðgengilegar á vef. Foreldrakaffi, foreldrakynningar og foreldraviðtöl eru hluti af starfinu. Foreldrarölt hefur náð ágætu flugi með aðstoð félagsmiðstöðva og foreldar leita mikið til forstöðumanna félagsmiðstöðva varðandi margs konar mál. Forvarnarkynningar í samstarfi félagsmiðstöðva, grunnskóla og foreldrafélaga eru haldnar. Aukinn áhersla verður lögð á að ná til foreldra barna með annan tungumála- og menningarbakgrunn.

Unnið er í víðtæku samstarfi í borgarhlutanum og meðal annars í takt við samstarfsyfirlýsingu vegna barna í viðkvæmri stöðu samstarfsyfirlýsingu vegna barna í viðkvæmri stöðu .
Áfram verður átak í forvörnum gegn ofbeldi, unglingadrykkju og vopnaburði. Aukið ofbeldi og unglingadrykkja er orðin vandamál sem að taka þarf á. Starfsfólk frístundamiðstöðvarinnar mun virkja til samstarfs þá sem að koma að uppeldisumhverfi barna og unglinga og vekja enn frekar athygli og verndandi þáttum í umhverfi þeirra.

Hverfissamráð leik- grunn og frí ásamt ráðgjöfum barna- og fjölskyldudeildar var haldið annan hvern mánuð á síðasta starfsári og verður áfram haldið að styrkja bönd milli samstarfsaðila í borgarhlutanum. Það er farsældarteymi Vesturmiðstöðvar, Betri borg fyrir börn sem að heldur utan um samráðið.

VAXANDI er hluti af fræðsluáætlun og hugmyndafræði Tjarnarinnar. Lögð sérstök áhersla á að þjálfa starfsfólk í að efla félags- og tilfinningahæfni barna og unglinga, aðstoða þau við sjálfeflingu, þjálfa þrautseigju hjálpa þeim að takast á við kvíða og álag. Markmið VAXANDI er líka að minnka álag í starfsmannhópnum og tryggja markvissa ráðgjöf og leiðsögn í starfi. Með verkefninu er verið að leggja inn fræðilegan grunn þannig að allir stjórnendur geti leitt sína starfsstaði og starfsfólk í því að vinna með félags- og tilfinninghæfi barna og unglinga þannig að velferð þeirra og líðan aukist. Áhersla verður sett á sértækt hópastarf í félagsmiðstöðvum þar sem unnið verður með þætti VAXANDI og í frístundaheimilum verður áhersla lögð á tilfinningastjórn og opið samtal um líðan. VAXANDI hlaut hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs vorið 2025 fyrir framsækið samstarfsverkefni.



Haldið verður áfram með átak í upplýsingastreymi, allir upplýsingapóstar frá frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum eru nú sendir út bæði á íslensku og ensku. Allir starfsstaðir eru með virkar síður á samfélagsmiðlum þar sem upplýsingum er komið á framfæri. Breyting var á heimasíðum á árinu en þær innihalda nú eingöngu grunnupplýsingar um starfið.

## Ánægt starfsfólk

Allir starfsstaðir Tjarnarinnar leggja áherslu á að kanna líðan starfsfólks og viðhorf til starfsumhverfisins og eru niðurstöðurnar nýttar til umbóta. Reykjavíkurborg kannar árlega viðhorf starfsfólks til vinnuumhverfis og gerir það í samstarfi við stéttarfélagið Sameyki í gegnum „Stofnuna ársins“ sem að Gallup leggur fyrir og er stærsta vinnustaðakönnun landsins.

Niðurstöður starfsstaða Tjarnarinnar voru mjög jákvæðar. Starfsfólk ber traust til stjórnenda og upplifir að það geti haft áhrif á störf sín. Árið 2023 hætti frístundamiðstöðin að taka þátt sem ein stofnun og nú tekur hver starfsstaður Tjarnarinnar þátt og allir komu mjög vel út. Frostheimar voru aftur í 2. sæti, Selið í 4. sæti og 105 í 5. sæti. Þessir staðir hlutu líka titilinn fyrirmyndarstofnun.

- ✓ Frístundaheimilið Frostheimar 4,8152.sæti og fyrirmyndarstofnun
- ✓ Frístundaheimilið Selið 4,807 í 4.sæti og fyrirmyndarstofnun
- ✓ Félagsmiðstöðin 105 4,794 í 5.sæti og fyrirmyndarstofnun
- ✓ Frístundaheimilið Undralandi 4,776
- ✓ Frístundaheimilið Skýjaborgir 4,775
- ✓ Frístundaheimilið Draumaland 4,738
- ✓ Félagsmiðstöðin Frosti 4,680
- ✓ Félagsmiðstöðin Gleðibankinn 4,518
- ✓ Félagsmiðstöðin 100og1 4,487
- ✓ Frístundaheimilið Halastjarnan 4,486
- ✓ Frístundaheimilið Eldflaugin 4,350

Hægt er að kynna sér betur niðurstöður könnunarinnar: Aðaltafla 2024 - Borg og bær

## Fræðsla og símenntun

Fyrir ár hvert er búin til fræðsluáætlun sem gerð er eftir þarfagreiningu meðal starfsfólks. Fræðsluáætlun Tjarnarinnar innihélt fjölbreytta fræðslu sem að náði yfir allt starfsárið. Helsta áhersla á haustin er að vera með grunnfræðslu þar sem að nýtt starfsfólk fær góða þjálfun í starfsaðferðum í frístundastarfi og yfir veturinn er boðið upp á fræðslu í takt við stefnu um frístundstarf og menntastefnu.

Hverfasmiðjur BBB voru fimm á árinu og áhersla var lögð á forvarnir og farsæld barna, inngildingu og móttöku nýrra íbúa. Halldóra Geirharðsdóttur kom og var með fyrirlestur um úthald og áhuga á vinnunni, haldin var vinnustofa um börn í viðkvæmri stöðu og fjallað var um fjölmenningu og fjölbreytileika. Farsældarvikan var haldinn í febrúar.

Stjórnendahópurinn í félagsmiðstöðvum Tjarnarinnar fór í náms- og kynnisferð til Dublin í Írlandi í febrúar 2025. Ferðin var hluti að aðildarverkefni SFS hjá Erasmus. Markmið ferðarinnar var að kynna sér hvernig félagsmiðstöðvastarfi er háttað í Dublin og öðlast nýja þekkingu og reynslu sem nýtist til að auðga starfsemi félagsmiðstöðva í Reykjavík. Hópurinn heimsótti nokkrar áhugaverðar félagsmiðstöðvar og átti góð samtöl við þarlent fagfólk sem veittu mikinn innblástur. Hópurinn heimsótti einnig samtökin Youth Work Ireland og fékk þar innsýn inn í starfsemi sambærilegra landssamtaka og Samfés, samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi.

Stjórnendur frístundamiðstöðva fóru með skrifstofu frístundamála á skóla- og frístundasviði til Skotlands að kynna sér Heillaspor (e. Nurture) í Glasgow. Þar tóku aðilar frá skosku menntamálamiðstöðinni á móti hópnum og kynntu þeim hugmyndafræðina. Einnig var farið í heimsóknir í skóla- og frístundastarf.

Stjórnendur í frístundaheimilinu Draumalandi og félagsmiðstöðvunum 100og1 og Hinsegin félagsmiðstöð ásamt framkvæmdastjóra fóru á þriggja daga námskeið í hugmyndafræði Heillaspora í Miðstöð menntunar og skólaþjónustu að vori 2024 og starfsfólk þessara staða fór á samskonar en styttra námskeið að hausti. Á starfsárinu var hugmyndafræði Heillaspora innleidd á þessa staði í samstarfi við MMS.

Samfés bauð deildarstjóra unglingastarfs og forstöðumanni í Hinsegin félagsmiðstöðinni með í námsferð til Álaborgar ásamt fleira fagfólki víða af landinu. Þau kynntu sér starf fyrir unglinga og ungmenni með áherslu á forvarnir gegn ofbeldi og áhættuhegðun, þverfaglegt samstarf, fjölbreytta menningu og vettvangsstarf.

Deildarstjórar og stjórnendur í sértæku félagsmiðstöðvastarfi fóru í náms- og kynnisferð til Rotterdam í Hollandi í maí 2025. Ferðin var hluti að aðildarverkefni SFS hjá Erasmus. Markmið ferðarinnar var að kynnast því hvernig frístundastarfi fyrir börn og unglinga með fötlun er háttað í Rotterdam og kynna sér fleira tengt málaflokknum. Hópurinn heimsótti meðal annars fjölbreytt félagsstarf YMCA í Haag og fékk frábæra kynningu á hinu áhugaverða verkefni Impactpunct en verkefnið snýst um að greina þær áskoranir sem börn og unglingar mæta og bregðast faglega við út frá niðurstöðum rannsókna.

Forstöðumenn ásamt stjórnendateymi Tjarnarinnar fóru á námskeið til Nijmegen í Hollandi en ferðin var hluti af fræðsluáætlun Vaxandi. Námskeiðið var haldið af Sóley Tómasdóttur, kynja- og fjölbreytileikafræðingi og bar heitið „Jafnrétti, fjölbreytileiki og inngilding í frístundastarfi". Stjórnendur lærðu um inngildandi hegðun, inngildandi vinnulag og inngildandi gildismat. Óráreiti, meðvituð hlutdrægni, sjálfvirk varnarviðbrögð og fleira var á dagskrá. Ferðin var styrkt af Sameyki í gegnum stofnanastyrk.

Forstöðumenn frístundaheimila fóru á námskeið í Hveragerði á vegum Erasmus+ áætlunarinnar sem gekk út á að minnka streitu í fagumhverfi frístundastarfs.

Stjórnendur félagsmiðstöðva tóku þátt í starfsdögum Samfés sem haldnir voru í Varmalandi og aðalfundi Samfés sem fram fór á Stykkishólmi.

Framkvæmdastjóri tók þátt í aðalfundi Grunns, félags fræðslustjóra á landinu sem fram fór á Höfn í Hornafirði ásamt BBB farsældarteymum í Reykjavík og aðalfundi FÍÆT, félagi íþrótta-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á landinu sem að fram fór á Húsavík.

## Mikil þátttaka og ánægja með starfið

Starfið í borgarhlutanum einkenndist af mikilli þátttöku bæði í vetrar- og sumarstarfi.

Frístundaheimili Tjarnarinnar eru vel sótt, árið 2024-2025 voru 954 börn skráð í vetrarstarfið eða um 87% barna í 1. - 4. bekk. Í Hlíðum voru 82% börn skráð, í Vesturbæ 90% og í Miðborginni 79%. Þátttaka barna í 1. og 2. bekk í borgarhlutanum er 98%.

Félagsmiðstöðvar Tjarnarinnar eru vel sóttar. Nánast öll sem eru í 8.-10. bekk þekkja sína félagsmiðstöð og taka á einhvern máta þátt í starfinu. Síðasta vetur voru mælingar á þátttöku gerðar í gegnum Íslensku æskulýðsrannsóknina og þá kemur fram að um 52% sæki félagsmiðstöð. Spurningarkönnunin er enn í þróun.

## Framsækið fagstarf

Starfsfólk Tjarnarinnar hefur sýnt mikinn metnað og fengið marga styrki fyrir fjölbreytt og framsækin þróunarverkefni sem voru í gangi á árinu.

Verkefnið VAXANDI hlaut hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs sem samstarfsverkefni en verkefnið er unnið í samstarfi við menntavísindasvið Háskóla Ísands.

Regnbogahlaupið þar sem að fjölbreytileikanum er fagnað með því að hlaupa undir regnbogans litum og jólamarkaður frístundaheimila þar sem að börn safna fyrir börn sem eiga minna. Hvert frístundaheimili styrkir barn í gegnum UNICEF og fá þau fræðslu um starf UNICEF sem fram fer víða um heim.

Reykjavíkurborg stóð fyrir átaki undir formerkjunum Verum klár þar sem áhersla er lögð á jákvæð skilaboð til ungs fólks og aðstandenda þeirra um samveru og heilbrigðan lífstíl. Fyrir menningarnótt var ítrekað að foreldar bera ábyrgð á börnum og unglingum og mikilvægi samveru var ítrekað.

Fróðir foreldrar er samstarf foreldrafélaga í borgarhlutanum og aðila sem að vinna í uppeldisumhverfi barna. Samstarfið stóð tvisvar sinnum fyrir fræðslukvöldum á árinu. Annars vegar með yfirskriftinni: Hvar er barnið þitt? Samfélagsmiðsmiðlar, foreldrastillingar og leiðavísir um netheima og hins vegar: Uppeldiævintýri - verndandi vegvísar.

Fjölskyldufjör, dagskrá fyrir fjölskyldur var bæði í haustfríi og vetrarfríi þar sem boðið var upp á leik og gleði.

Allar félagsmiðstöðvar og frístundaheimili Tjarnarinnar tóku þátt í Barnamenningarhátíð 2025 með margs konar viðburðum. Í Hinsegin félagsmiðstöðinni var haldið Hinsegin Prom,
Perluvinir í Frosta gengu út á vináttu og öll frístundaheimilin voru með foreldrakaffi þar sem áhersla var lögð á barnamenningu og samveru. Í félagsmiðstöðvunum 100og1 og 105 voru leiklistahópar að æfa og frumsýndu um vorið. Unglingar úr 100og1 og 105 tóku þátt í vinnustofu USK varðandi að bæta borgina. Ljósmyndasýning Halastjörnunnar fór fram í samfélagshúsinu Bólstaðarhlíð, Draumaland var með hönnunarverkefni þar sem þau hönnuðu flík og fóru í upptökur í stúdíó, Selið var með tónlistarveislu, sömdu og frumfluttu lög. Frostheimar voru með hæfileikakeppni, Undaland með Undrabörn og sirkusatriði og myndlistasýningu og í Skýjaborgum var sirkus og spuni.

Farsældarvika var í Reykjavík í febrúar. Dagskráin var í formi kynninga, vinnustofa og margvíslegrar fræðslu og er ætlunin að varpa ljósi á innleiðingu farsældarlaganna í Reykjavík.

Reykjavíkurráð ungmenna fundaði með borgarstjórn Reykjavíkur í janúar og þar lögðu þau fram tillögur til úrbóta í starfi fyrir unglinga og ungmenni. Ungmennaráð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða lagði fram tillögu sem snýr að því að bæta húsnæði félagsmiðstöðva.

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

TJÖRNIN
FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ
VESTURBÆR • MIÐBORG • HLÍÐAR

## Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? | Helstu niðurstöður mats: |
|---|---|---|---|
| **Viðhorf starfsfólks** | Könnun Sameykis Stofnun ársins Haust 2024 | Starfsfólk svar fyrir sínar starfsstöðvar | ✓ Frístundaheimilið Frostheimar 4,815 í 2.sæti og fyrirmyndarstofnun<br>✓ Frístundaheimilið Selið 4,807 í 4.sæti og fyrirmyndarstofnun<br>✓ Félagsmiðstöðin 105 4,794 í 5.sæti og fyrirmyndarstofnun<br>✓ Frístundaheimilið Undralandi 4,776<br>✓ Frístundaheimilið Skýjaborgir 4,775<br>✓ Frístundaheimilið Draumaland 4,738<br>✓ Félagsmiðstöðin Frosti 4,68<br>✓ Félagsmiðstöðin Gleðibankinn 4,518<br>✓ Félagsmiðstöðin 100og1 4,487<br>✓ Frístundaheimilið Halastjarnan 4,486<br>✓ Frístundaheimilið Eldflaugin 4,350<br>Mikil starfsánægja er á starfsstöðum Tjarnarinnar<br>Helstu áskoranir eru hljóðvist, aðstöðumál og launakjör. |
| **Innra mat félagsmiðstöðva** | Forstöðumenn mátu starfseiningar eftir viðmiðum og vísbendingum. Forstöðumenn vinna eftir gátlistum um menntastefnu og fylla inn rafrænt. | Forstöðumenn félagsmiðstöðva<br><br>Starfsfólk<br><br>Unglingar | Auka rými og aðgengi unglinga að húsnæði með auknu samstarfi við grunnskólana í takt við úttekt á húsnæði félagsmiðstöðva.<br>Bæta rými félagsmiðstöðvanna út frá áherslum Heillaspora.<br>Jákvæð endurgjöf til foreldra í starfi með auknu upplýsingastreymi og fræðslufyrirlestrum.<br>Nota og kynna gæðaviðmiðin árlega í febrúar/mars.<br>Kynna niðurstöður innra mats fyrir öðrum stjórnendum í apríl.<br>Vinna umbótaáætlun fyrir komandi starfsár að vori. |
| **Innra mat frístundaheimila** | Forstöðumenn mátu starfseiningar eftir viðmiðum og vísbendingum. Forstöðumenn vinna eftir gátlistum um menntastefnu og fylla inn rafrænt. | Forstöðumenn frístundaheimila<br><br>Starfsfólk<br><br>Börn | Efla þarf fræðslu til starfsfólks með aðkomu Torgins, nýr fræðsluvettvangur.<br>Aukinn vinna með umhverfisvitund.<br>Bæta þarf aðstöðu barna og starfsfólks, hljóðvist, loft- og innivist og næðisrými.<br>Nota og kynna gæðaviðmiðin árlega í febrúar/mars.<br>Kynna niðurstöður innra mats fyrir öðrum stjórnendum í apríl.<br>Vinna umbótaáætlun fyrir komandi starfsár að vori. |
| **Sumartarf frístundaheimila** | Miðlæg könnun SFS Sumar 2025 | Könnun send foreldra barna í sumarstarfi í frístundaheimilum. | 97% foreldra lýstu því að barninu liði mjög eða frekar vel í starfinu. |

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Starf félagsmiðstöðva** | Opin könnun félagsmiðstöðva Tjarnarinnar | Könnun send í Mentor á foreldra barna í 8. -10.bekk. | Ánægja með starf félagsmiðstöðvanna: 93%<br>Ánægja með starfsfólk: 90%<br>Ánægja með upplýsingaflæði: 96% |
| | Opin könnun félagsmiðstöðva Tjarnarinnar | Könnun send í Mentor á foreldra barna í 5.-7.bekk. | Ánægja með starf félagsmiðstöðvanna: 85%<br>Ánægja með starfsfólk: 79%<br>Ánægja með upplýsingaflæði: 89% |
| | Opin könnun félagsmiðstöðva Tjarnarinnar | Könnun lögð fyrir börn og unglinga á opnunum og samfélagsmiðlum. | Ánægja með starf félagsmiðstöðvanna: 90%<br>Ánægja með starfsfólk: 94%<br>Ánægja með upplýsingaflæði: 96% |
| **Íslensku æskulýðsrannsóknirnar** | Lagt fyrir að hausti 2024.<br>Um er að ræða fyrstu niðurstöður ÍÆ. | Börn og unglingar í 8.-10.bekk í grunnskóla í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum. | Hagaskóli 38%<br>Austurbæjarskóli 47%<br>Háteigsskóli 66%<br>Hlíðaskóli 56%<br>Meðaltal í borgarhlutanum 52% |
| **Spurinngarvagn SFS til forstöðumanna** | Lagt fyrir að vori 2025 | Aðstaða í félagsmiðstöðvum<br><br><br><br><br><br>Gátlistar eineltis<br>Lausnarteymi<br><br><br>Barnaráð<br>Frístundalæsi<br>Menntun starfsfólks | 40% félagsmiðstöðva geta ekki tekið á móti öllum unglingum í hverfinu vegna skort á aðstöðu.<br>60% félagsmiðstöðva getur ekki tekið á móti börnum í 5.-7.bekk í hverfinu vegna skorts á aðstöðu.<br>Flestir forstöðumenn telja aðstöðuna ekki hafa fengið það viðhald sem að þörf er á og taka það fram í athugasemdum.<br>60% félagsmiðstöðva hefur ekki aðgang að íþróttahúsi.<br>90% starfsfólks þekkir gátlista um einelti og vinnur eftir þeim.<br>Allir forstöðumenn nema forstöðumaður Hinsegin félagsmiðstöðvar eiga fast sæti í lausnarteymi. Hinsegin þjónustar Rvík heild og er boðaður eftir þörfum.<br>60% forstöðumanna hafa farið með beiðni um ráðgjöf lausnarteymis inn á fund.<br>100% frístundaheimili hafa barnaráð.<br>92% frístundaheimila vinna markvisst með frístundalæsi.<br>40% starfsfólks frístundaheimila hefur lokið háskólagráð68% starfsfólks félagsmiðstöðva hefur lokið háskólagráðu |

## Umbætur

Helstu umbætur fyrir starfsárið eru unnar upp í viðhorfskönnunum, rannsóknum og áherslum starfsfólks og unglinga sem koma fram í þátttökustjórnun og þeirri stefnumörkum sem sett er fyrir starfið. Hér eru helstu umbætur taldar upp;

- ★ Áhersla verður sett á  virkja samfélagið og fara í átak í að takast á við aukið ofbeldi og huga sérstakalega að því að taka vel á móti börnum og unglingum með annan tungumála- og menningarbakgrunn. Vinna eftir átakinu Verum klár.
- ★ Vinnustofur VAXANDI verða teknar upp að nýju á árinu þar sem starfsfólk fær markvissa þjálfun og fræðslu í að vinna faglega. Áhersla verður lögð á sértækt hópastarf með inngildingu að leiðarljósi.
- ★ Innleiðing Heillaspora hefur sitt annað ár í samstarfi við Miðstöð menntunar og skólaþróunar í Miðborginni og aðrir staðir hefja óformlegri innleiðingu.
- ★ Bæta þarf aðstöðu barna, unglinga og starfsfólks hvað varðar hljóðvist og vinna að því að koma starfseminni í viðunandi húsnæði en nokkuð hefur áunnist á síðustu árum að bæta aðstöðuna. Auka þarf aðgengi félagsmiðstöðva að íþróttahúsum.
- ★ Aukin nýliðafræðsla færist út á staðina og á Torgið þannig að nýtt starfsfólk þekki betur til vinnureglna og starfshátta Tjarnarinnar.
- ★ Áhersla verður lögð á matvælaöryggi og allt starfsfólk fer á fræðslu tengda því.
- ★ Aukið upplýsingaflæði til foreldra varðandi verndandi þætti uppeldis verður ein af áherslum vetrarins þar sem greina má slaka í félagslegu taumhaldi.
- ★ Fjármálastjórar leggja fram nýtt fjárhagslíka og breyttar forsendur úthlutunar fjármagns.
- ★ Vinna að því að sækja styrki fyrir starfið.

Nánari útlistun og markmiðasetning er sett fram í töflum í aðgerðaráætlun.

# Áskoranir, markmið og aðgerðir

**Áskoranir, markmið og aðgerðir**

## Frístundamiðstöð

| Þættir | Markmið | Aðgerðir | Ábyrgð | Tími | Hvernig metið | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fagmennska og samstarf** | **VAXANDI**<br>Aukin seigla<br>Sterkari félags- og tilfinningahæfni | Fjórar vinnustofur VAXANDI fyrir starfsfólk.<br>Vinna eftir menntstefnu og frístundastefnu.<br>Vinna í takt við farsældarlögin | Stjórnendur | 2025-2026 | Rýnifundur um gæði fræðslu og þörf á fræðslu meðal starfsfólks.<br>Fjöldi verkefna sem að verða til.<br>Lausnarteymisfundir.<br>Samstarf á miðstöð í tengslum við BBB. | Aukin vellíðan barna, unglinga sýnileg í ÍÆ.<br>Aukin vellíðan starfsfólks í starfsmannakönnum Sameykis.<br>Forstöðumenn sitji lausnarteymisfundi og teymisfundi með grunnskólum.<br>Minni streita og kvíði meðal barna, unglinga og stafsfólks.<br>Fjölgun tækja og tóla til að nýta í starfinu.<br>Samstarfssamningar milli grunnskóla og frístundastarfs virkir á öllum stöðum.<br>Reglubundið samstarf á miðstöð, fundað er vikulega.<br>Bætt verklag og umgjörð í starfinu. |
| **Fagmennska og samstarf** | **Heillaspor**<br>(e.Nurture) | Heillaspor (e.Nurture) Innleiða Heillaspor og grunnstef þeirrar hugmyndafræði í frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í Miðborginni innleitt í samtarfi við MMS. | Stjórnendur | 2025-2026 | Matskvarðar MMS varðandi innleiðingu á Heillasporum.<br>Rýnifundir með starfsfólki.<br>Samtöl við börn og unglinga. | Reglubundið samstarf við MMS varðandi innleiðingu á Heillasporum.<br>Gæðaviðmið Heillaspora og gátlistar nýttir til innra mats.<br>Leiðsagnarfundir með MMS á 6 vikna fresti.<br>Innleiðingarfundir með stjórnendum 1x í mánuði |
| **Fagleg forysta** | Framsækin stjórnun þar sem stefna, hlutverk og markmið eru skýr.<br>Stjórnendur og starfsfólk leitast | Vinna eftir **menntastefnu, lýðheilsustefnu og frístundastefnu** í öllu starfi. | Stjórnendur | 2025-2026 | Viðhorfskönnun meðal starfsfólks, Stofnuna ársins sem lögð er fyrir ár hvert.<br>Viðhorfskannanir um starfið til þjónustuþega. | Halda sömu ánægju starfsfólks í starfi.<br>Virkar upplýsingasíður fyrir starfsfólk eins og Viva Engage og Teams.<br>Minni veikindaforföll og heilbrigðara starfsfólk.<br>Halda í sömu ánægju þjónustuþega með starfið. |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | stöðugt við að efla starf og bæta árangur.<br>Stjórnun einkennist af jákvæðu viðhorfi og virku upplýsingastreymi.<br>Heilsueflandi og öruggt vinnuumhverfi. | Rými fyrir þróunarverkefni og nýsköpun. | | | Nota kannanir til að efla og bæta árangur.<br>Gátlistar um heilsueflandi hverfi lagðir til grundvallar 2x á ári. | Mörg framsækin verkefni fari í gang á árinu og séu sýnileg út á við. |
| **Hagkvæm nýting fjármagns** | Útgjöld allra starfseininga séu innan fjárheimilda miðað við þá þjónustu sem veita á. | Rammar og úthlutun sé ávallt skýr og tilbúin á réttum tíma.<br>Reglulegir fundir fjármálastjóra með stjórnendum. | Stjórnendur | 2025-2026 | Fjöldi funda með stjórnendum.<br>Fundir með forstöðumönnum tengt ársfjórðungsuppgjöri. | Góð nýting fjármagns.<br>Að frávik séu innan við 3%<br>Góð innsýn stjórnenda í fjárhagsramma.<br>Opin fjármál og gagnsæ. |
| **Öryggis-verkferlar** | Öryggi barna og unglinga sé í fyrirrúmi í starfinu. | **Opinskátt gegn ofbeldi,** kynna og fylgja verklaginu.<br>**112** heimasíður séu vel kynntar börnum og unglingum<br>Auðkenning starfsfólks.<br>Áfallaverkferlar séu skýri. | Stjórnendur | 2025-2026 | Nýjar heimasíður sé aðgengilegar og skýrar.<br>Tryggja að verklagið sé þar.<br>Öll börn þekki hvaða leiðir þau geta farið ef þau lenda í ofbeldi.<br>Kynning á 112.<br>Rýnihópar barna.<br>Merking og auðkenning starfsfólks.<br>Stuðningur og aðgengi að verkferlum varðandi alvarlega atburði í starfinu sé til staðar og vel kynnt. | Vel kynntir og skýrir verkferlar.<br>Börn, unglingar og starfsfólk séu örugg í starfi og lífi.<br>Allt starfsfólk hafi aðgang að merktum fatnaði.<br>Að á öllum heimasíðum sé verklagið kynnt.<br>Að börn og starfsfólk þekki 112 og geti nýtt sér upplýsingar þar.<br><br>Starfsfólk þekki verkferla og fái þann stuðning sem að þarf þegar alvarlegir atburðir eiga sér stað. |
| **Góður aðbúnaður** | Aðstaða, aðbúnaður, tæki og búnaður sem hæfa fjölbreyttu starfi. | Húsnæðisúttekt allra starfsstaða.<br>Viðhaldsáætlun ár hvert.<br>Fimm leiðir að vellíðan og heilsueflandi starfsstaðir. | Stjórnendur | 2025-2026 | Árleg úttekt á aðstöðu, tækni og búnaði til að bregðast við þar sem umbóta er þörf.<br>Gott samstarf við opinbera eftirlitsaðila, brunaeftirlit, heilbrigðiseftirlit, vinnueftirlit o.fl. | Að allir starfsstaðir séu í aðstöðu sem að hentar.<br>Heilsusamlegar veitingar þegar þær eru í boði.<br>Vinnustaðaandi sé góður og starfsfólki líði vel. |

## Frístundaheimili

| Þættir | Markmið | Aðgerðir | Ábyrgð | Tími | Hvernig metið | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fagmennska og samstarf** | **Treystum böndin:** Aukið samstarf við foreldra barna frístundaheimilum Tjarnarinnar. | Kynningarfundir að hausti fyrir nýja foreldra.<br>Foreldraviðtöl 2x á ári í boði.<br>Foreldraviðburðir 3 x á ári.<br>Bætt upplýsingagjöf um líðan barna í starfinu til foreldra. | Forstöðumenn<br>Deildarstjóri | 2025-2026 | Innra mat frístunda-heimila í janúar.<br>Viðhorfskannanir foreldra.<br>Halda utan um tölur um þátttöku foreldra. | Aukin þátttaka foreldra í starfinu með börnunum.<br>Foreldraviðburðir á öllum stöðum<br>Foreldraviðtöl í boði og aukin virkni um 20%,<br>Samtal við foreldra skráð til að halda utan um tölfræði<br>Vikulegir upplýsingapóstar. |
| | Jákvæð samskipti og leiðir til að takast á við óæskilega hegðun á jákvæðan og öruggan máta. | Námskeið fyrir starfsfólk varðandi viðbrögð og forvarnir gegn óæskilega hegðun og atvikaskráningu. | Forstöðumenn<br>Aðstoðarfstm.<br>Deildarstjóri | 2025-2026 | Að allir nýliðar að hausti hafi setið þessa fræðslu.<br>Að öll líkamleg inngrip séu skráð í atvikaskrá. | Að starfsfólk kunni samræmda nálgun við að kljást við óæskilega hegðun, að forstöðumenn fylgi námskeiðinu eftir með stuttri samantekt 2-3 vikum eftir námskeið og haldi því við eftir þörfum út veturinn til að tryggja fagleg viðbrögð og að allt starfsfólk okkar sé meðvitað um ábyrgð sínar og skyldur í samskiptum við börn. |
| | Styðja markvisst við þroska barna með því að leggja ríka áherslu á vellíðan og tengsla-myndun<br>Draga fram mikilvægi jákvæðra tengsla sem undirstöðu farsældar | **Heillaspor**<br>Halda áfram með vinnu Draumalands í samstarfi við MMS. Hin frístundaheimilin byrja að nýta það sem þau læra í náms- og kynnisferð stjórnenda barnasviðs til Glasgow í okt. 2025 og innleiða nálgunina eins vel | Forstöðumenn<br>Aðstoðarfstm.<br>Deildarstjóri | 2025-2026 | Að Draumaland haldi áfram innleiðingunni og meti árangur og stöðu skv. Þeim kvörðum sem MMS hefur ákveðið.<br>Að allir stjórnendur barnasviðs fari í náms- og kynnisferð til Glasgow þar sem þeir fá stutt námskeiði um Nurture og heimsækja skóla sem eru að vinna skv. nálguninni. | Að öll frístundaheimili Tjarnarinnar séu byrjuð að aðlaga hugmynda- og aðferðarfræði Heillaspora að sínu starfi óháð því hvort þau séu að vinna að því að innleiða þau undir handleiðslu MMS eða ekki<br>Að í öllum frístundaheimilum Tjarnarinnar megi merkja samhljóm við hugmyndafræði Heillaspora. |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | og unnt er sjálfstætt. | | | | |
| | Innleiðin á menntastefnu í gegnum þemavikur. Hæfniviðmið menntastefnunni til grundvallar. | **Mánaðarlegar þemavikur**<br>September: **Heilsa og íþróttir**<br>Október: **Vísindi og tilraunir**<br>Nóvember: **Barnaréttindi**<br>Desember **Jólamarkaður og samstarf við SOS barnaþorp**<br>Janúar: **Fjölmenning**<br>Febrúar: **Miðlalæsi**<br>Mars: **Umhverfisvitund**<br>Apríl: **Barnamenning** Maí: **Fjölbreytileiki og regnboga-hlaup** | Forstöðumenn Aðstoðarfstm. Deildarstjóri | 2025-2026 | Ígrundun starfsfólks eftir þemaviku sem nýtt er til umbóta.<br><br>Að öll frístunda-heimili taki þátt.<br><br>Fræðsla og samstarf við SOS barnaþorp. | Fjölbreytt úrval verkefna í hverri viku. Markviss kynning í tölvupóstum og á samfélagsmiðlum.<br>Samstarf á milli frístundaheimila við undirbúning og framkvæmd.<br>Starfsfólk þekki menntastefnu og frístundastefnu og nýti sér verkfærakistu menntastefnunnar. |
| **Félagsfærni** | Aukin félagsfærni Innleiðing frístunda- og menntastefnu | **Félagsfærniverkefni**<br>**VAXANDI** | Forstöðumenn Aðstoðarfstm. Deildarstjóri | 2025-2026 | Ígrundun á verkefninu á reglulegum fundum.<br>Eftirlit, stuðningur og mat í höndum forstöðumanna. | Samstarf milli frístundaheimila verði betra með auknu samstarfi aðstoðarforstöðumanna/frí-stundafræðinga og þeirra sem koma inn í auknu hlutfalli með undirbúning.<br>Að yngstu börnin finni til meira öryggis og læri betur á umhverfi sitt. Sjálfsefling og sjálfstæði<br>Auki félags- og tilfinningahæfni og aukin samkennd.<br>Börnin viti meira um réttindin sín. |
| **Sköpun** | Öflug barnamenning | Að barnamenningu sé gert hátt undir höfði í öllu starfi. | Forstöðumenn Aðstoðarfstm. | 2025-2026 | Aðstoðar-forst.menn og forst.menn ásamt almennu starfsfólki | Að daglega sé boðið upp á a.m.k. eina smiðju og/eða val sem felur í sér sköpun í víðu samhengi |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Að börnunum sé gefinn kostur á að vinna að fjölbreyttum skapandi verkefnum. | Deildarstjóri | | | Að aðstaða frístundaheimilisins miði í auknum mæli að því að styðja við og ýta undir skapandi hugsun, ímyndunarafl og eðlislægan sköpunarkraft barna sem sjáist á verkefnunum sem verða í boði. |
| | Þátttaka í barna-menningarhátíð | Öll frístundaheimilin séu með viðburð á **Barna-menningar-hátíð** og sæki um styrk í barna-menningar-sjóð | Forstöðumenn<br>Aðstoðarfstm.<br>Deildarstjóri | 2025-2026 | Ígrundun á verkefninu á reglulegum fundum forstöðu-manna með deildarstjóra.<br>Eftirlit, stuðningur og mat í höndum forstöðumanna. | Að það verði til a.m.k. eitt nýtt verkefni í tengslum við þátttöku í barnamenningarhátíð á hverju frístundaheimili<br>Að leitast verði eftir samstarfi við leikskóla og skóla í hverfinu til að vinna að stærra verkefni<br>Að öll frístundaheimilin fái styrk úr barnamenningarsjóði |
| | Sköpun<br>Tjáning<br>Sjálfefling<br>Samvinna<br>Framsaga<br>Skipulögð vinnubrögð | **Halló heimur!**<br>Hlaðvarparverkefni | Forstöðumenn<br>Aðstoðarfstm.<br>Deildarstjóri | 2025-2026 | Forstöðumenn og aðstoðarforstöðumenn útbúa ramma fyrir starfsfólk og börn til að fylgja svo hægt sé að taka upp hlaðvörp þar sem börnin læra að tjá sig með skipulögðum hætti um það sem brennur á þeim. | Hvert frístundaheimili taki upp og gefi út a.m.k. 8 hlaðvörp.<br>Hvert frístundaheimili opni miðil þar sem hlaðvörpin eru birt og sendi foreldrum hlekk á slóðina.<br>Öll börnin hafi fengið val um að taka þátt í verkefninu á árinu. |
| | Forvarnir gegn áhættuhegðun<br>Samkennd<br>Félags- og tilfinningahæfni<br>Þrautseigja<br>Inngilding | 100og1 og Draumaland<br>**List í miðborginni**<br>**Þróunarstyrkur SFS** | Forstöðumenn | 2025-2026 | Umræður og vinnustofur í samstarfi við HÍ<br>Rýnt í virkni og þátttökutölur<br>Sjálfsmat þátttakenda | Öflugur vettvangur til sköpunar og styrkleikaþjálfunar í félagsmiðstöð og frístundaheimili<br>Aukin virkni og þátttöku í skipulögðu félags-íþrótta- og tómstundastarfi<br>Öflugt inngildandi samfélag<br>Aukin þrautseigja, samkennd, skilningur og virðing fyrir öðrum<br>Aukin félags- og tilfinningahæfni |
| **Sjálfsefling** | Efla trú á eigin getu og sjálfstraust<br>Sterkari sjálfsmynd<br>Aukið aðgengi<br>Aukinn jöfnuður<br>Sanngjarnt samfélag fyrir alla | **Regnbogahlaup**<br>Inngilding<br><br>Öll frístunda-heimilin taka skýra afstöðu með hinsegin samfélaginu. | Forstöðumenn<br>Aðstoðarfstm.<br>Deildarstjóri | Maí 2026 | Hlaupið sé framkvæmt og fái góða umfjöllun innan sem utan stofnunar.<br>Menningin sé hinseginvæn og endurspeglist í búnaði, orðræðu og viðhorfum starfsfólks og barna. | Fræðsla fyrir öll og jákvæð umfjöllun.<br>Sterkari sjálfsmynd hinsegin barna og jákvætt viðhorf til framtíðarinnar.<br>Aukin þekking starfsfólks á starfi með hinsegin börnum, foreldrum og starfsfólki.<br>Hinseginvænt frístundastarf.<br>Vitundarvakning innan sem utan frístundaheimilis |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Samkennd og virðing<br>Ýta undir inngildandi hugsunarhátt/ viðhorf | Gleði og samstaða, Holl hreyfing og útivera.<br>Stolt og stuðningur.<br>Markviss vinna gegn fordómum | | | | |
| **Jöfnuður** | Inngildin í frístundastarfi | Jafnrétti, fjölbreytileiki og inngilding í frístundastarfi fyrir allt starfsfólk.<br>Námskeið með Sóley Tómasdóttur. | Forstm<br>Aðstfstm<br>Deildarstjóri | Okt. 2025 | Allt starfsfólk sitji námskeiðið og eftirfylgd sé góð og málstefnan verði hluti af öllu starfi. | Aukin þátttaka barna með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn.<br>Að læra um, að skilja og síðast en ekki síst að virða fjölbreyttar þarfir einstaklinga og hópa.<br>Að eflast í því að nota og þróa verkfræði og úrræði til að koma til móts börnin með fjölbreyttar þarfir. |
| | Aukið aðgengi allra barna að frístundaheimili<br>Aukinn jöfnuður<br>Aukið öryggi allra barna í starfinu | **Stuðningur** í frístundaheimilum | Ráðgjafa-þroskaþjálfi, deildastjóri og forstöðumen n. | 2025-20256 | Árangur metinn með endurmati á einstaklings-áætlunum í lok hverrar annar í samstarfi við þekkingar-miðstöð og foreldra. | Jafnt aðgengi allra barna að frístundaheimili.<br>Aukin félagsfærni.<br>Vinatengsl.<br>Aukin málfærni í íslensku.<br>Að börin læri að leysa sjálf úr ágreiningi á friðsamlegan máta.<br>Veita tækifæri til þátttöku |
| | Inngilding Efla vináttu<br>færni<br>Minnka fordóma<br>Aukin félagsfærni | **Fjölmenning í frístundaheimilu m**<br>Hlúa að fjöl-menningar-samfélaginu, efla tengslin og rjúfa félagslega einangrun | Forstöðumen n<br>Aðstoðarfst m.<br>Deildarstjóri | 2025-2026 | Allir barna-hóparnir verði skoðaðir út frá verkfærum vináttu-greiningar og markvisst unnið með niðurstöður hennar.<br>Aukið | Auka víðsýni og skilning m. því að börnin öðlist þekkingu á öðrum menningarheimum en íslenskum.<br>Minni fordómar.<br>Sjálfsefling, efla tengsl milli barna af ólíkum menningarheimum og stuðla að virkni og þátttöku.<br>Efling íslenskukunnáttu og menningarlæsi í gegnum leik<br>Stuðla að aukinni vellíðan og auðvelda aðlögun. |
| **Læsi** | Aukið læsi í víðum skilningi | **Efling frístundalæsis í frístundaheimilu m**<br>**Nota efni um frístundalæsi**<br>*félagslæsi,<br>*lista- og menningar-læsi, | Forstöðumen n<br>Aðstoðarfst m.<br>Deildarstjóri | 2025-2026 | Markviss vinna við innleiðingu á læsi í víðum skilningi.<br>Öll vinna með frístundalæsi og starfsfólk þekki frístunda-læsisvefinn Kynnt í handbók og á fundum | Allir séu að vinna markvisst með frístundalæsi.<br>Að allt starfsfólk hafi fengið kynningu á frístundalæsisvefnum.<br>Að allt starfsfólk þekki sjö tegundir frístundalæsis.<br>Fjölga stöðum þar sem allt starfsfólk þekkir og notar frístundalæsi. |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | *miðlalæsi,<br>*samfélags-læsi,<br>*vísindalæsi,<br>*náttúru- og<br>*umhverfis-læsi<br>*heilsulæsi | | | | |
| | Aukið miðlalæsi | **Miðlalæsi**<br>Aukin geta til að afla sér áreiðan-legra upplýsinga<br>Efla gagnrýna hugsun<br>Styðja við íslenskunám<br>Styðjum við móðurmálsnám allra barna<br>Styðjum við lestrarnám | Forstöðumenn<br>Aðstoðarfstm.<br>Deildarstjóri | 2025-2026 | Markviss vinna innleiðum miðlalæsi í starfinu okkar.<br>Skrifleg ígrundun á hverjum stað eftir miðlalæsis-viku.<br>Allir vinna með frístundalæsi og kynna frístundalæsisvefinn fyrir starfsfólki | Haldin sérstök miðlalæsisvika á öllum frístundaheimilum þar sem sérstök áhersla er á miðlalæsi.<br>Allir stjórnendur og að a.m.k. 25% hlutastarfsfólks sitji fræðslu frá Skúla Geirdal hjá fjölmiðlanefnd um miðlalæsi og börn. |
| | Inngilding og þátttaka | Fagna fjölbreyti-leikanum<br>Inngilding<br>Að vekja athygli á fjölbreyttum tungumálum barna og starfsfólks<br>Að öll börn og allt starfsfólk upplifi sig velkomin | Forstöðumenn<br>Aðstoðarfstm.<br>Deildarstjóri | Allt árið 2025-2026 | Til séu bækur á móðurmálum barnanna.<br>Að það séu „velkomin“ spjöld við innganga á ýmsum tungumálum | Gerð sé könnun um móðurmál barnanna í frístundaheimilinu og keypta barnabækur sem endurspegla þau.<br>Að allir séu með eitthvað sýnilegt uppi á vegg sem sýnir móðurmál barna og starfsfólks í frístundaheimilinu<br>Að öll séu boðin velkomin í frístundaheimilið á mörgum tungumálum með því að hafa „velkomin“ spjöld á mörgum tungumálum við innganginn. |
| | Málörvun | **Virk málstefna** | Forstöðumenn<br>Aðstoðarfstm.<br>Deildarstjóri | Allt árið 2025-2026 | Virk málstefnu sem allir þekkja.<br>Jákvætt viðhorf og virðing fyrir íslenskrar tungu<br>Málörvun og að íslenska sé alltaf fyrsta málið sem er notað. | Að allir póstar og allt efni frá frístundaheimilinu sé sent út á íslensku fyrst og svo ensku neðst<br>Að allt starfsfólk þekki málstefnu síns starfsstaðar.<br>Að allt starfsfólk sé meðvitað um að “grípa” börnin þegar þau nota ensku og hjálpi þeim að finna íslensk orð í staðinn. |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Heilbrigði** | Betri heilsa og heilsuvitund | **Heilsueflandi frístundastarf** Öll frístunda-heimilin hafa íþrótta- og heilsuviku. Unnið með gátlista um heilsueflandi starf. | Forstöðumenn Aðstoðarfstm. Deildarstjóri | 2025-2026 | Skrifleg ígrundun á hverjum stað eftir heilsuviku. Gátlistar um heilsueflandi frístundastarf fylltir út og nýttir til umbótavinnu að vori 2026. | Heilsu- og íþróttavika í öllum frístundaheimilunum. Unnið sé eftir gátlistum um heilsueflandi frístundastarf. Átak gert í að kynna tengingu við menntastefnu og barnasáttmálann. |
| | Betri heilsa og aukin hreyfing | **Þátttaka í Beactive – íþróttavika Evrópu.** | Forstöðumenn Aðstoðarfstm. Deildarstjóri | Vikan 22.-272 Sept. 2025 | Þemavikna vel kynnt og foreldarar fá sent efni sem þau geta nýtt til heilsueflingar með sínu barni ásamt hvatningu til aukinnar hreyfingar. | Öll frístundaheimilin taki þátt í Beactive vikunni . Frístundaheimilið kynni Beactive vikuna til foreldra og hvetja þá til þátttöku í viðburðum hennar |
| **Virk þátttaka** | Aukin virkni og þátttaka barna Aukin félagsfærni Aukið samstarf | **Réttinda vika í nóvember og afmæli barnasáttmálans** | Forstöðumenn Aðstoðarfstm. Deildarstjóri | 2025-2026 | Metið með því að fá vottun frá UNICEF og ljúka verkefninu. Þemavika um barnaréttindi. 20.nóvember er sérstök dagskrá með vitundarvakningu og fræðslu um barnasáttmálann. | Réttindavika í öllum frístundaheimilunum. Átak gert í að kynna tengingu við menntastefnu og barnasáttmálann. Allir kynna þessa viku vel fyrir foreldrum Allir halda sérstaklega upp á afmæli barnsáttmálans og skipuleggja verkefni þar sem börnin sjálf standa að kynningu og vitundarvakningu á réttindum sínum og barnasáttmálanum í nærumhverfi sínu |

## Félagsmiðstöðvar

| Þættir | Markmið | Aðgerðir | Ábyrgð | Tími | Hvernig metið | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fagmennska og samstarf** | Styðja markvisst við þroska barna með því að leggja ríka áherslu á vellíðan og tengslamyndun.<br>Draga fram mikilvægi jákvæðra tengsla sem undirstöðu farsældar. | **Heillaspor VAXANDI**<br>100og1 og Hinsegin félagsmiðstöðin taka þátt með MMS en aðrar félagsmiðstöðvar byrja að nýta sér aðferðarfærði Heillaspora. | Deildarst og forstöðu menn | 2025-2026 | Reglulegt mat og greining á starfsháttum og menningu út frá leiðandi vörðum Heillaspora.<br>Regluleg ígrundun í innleiðingarteymi.<br>Samtöl við unglinga og foreldra.<br>Viðhorfskönnun til foreldra og unglinga. | Börn og unglingar upplifi sig örugg og félags-, tilfinninga-, og vitsmunalegum þörfum þeirra sé mætt í starfinu.<br>Vellíðan og traust tengsl meðal barna og unglinga í skóla- og frístundastarfi.<br>Aukin þekking á tengsla- og áfallamiðaðri nálgun til þroska, náms og farsældar barna. |
| | Efla jákvæðan félagsþroska og sjálfsmynd<br>Efla foreldrafærni og þverfaglegt samstarf innan hverfis<br>Styðja við inngildandi samfélag<br>Vinna gegn einelti | Gleðibankinn og 105 í samstarfi við Vesturmiðstöð, Hlíðaskóla og Háteigsskóla<br>**Ábyrgt og jákvætt samfélag á miðstigi** | Forstöðu menn | 2025-2026 | Athuganir á sjálfsmynd og trú á eigin getu með spurningalistum.<br>Virkni og þátttaka í félagsmiðstöðvastarfi.<br>Viðtöl við nemendur.<br>Samtöl við foreldra. | Öflugt inngildandi samfélag í Hlíða- og Holtahverfi.<br>Sterkt samstarf fagaðila og foreldra.<br>Aukin virkni og vellíðan barna á miðstigi.<br>Sterkari sjálfsmynd, jákvæð samskipti og heilbrigt viðhorf gagnvart sjálfum sér og öðrum. |
| | Draga úr áhættuhegðun<br>Aukið samstarf milli fagaðila og foreldra<br>Aukin þekking og færni starfsfólks í forvarnarvinnu | Allar félagsmiðstöðvar<br>**Treystum böndin.**<br>Verndandi þættir í lífi barna og unglinga. | Deildarst og forstöðu menn | 2025-2026 | Könnun R&G og ÍÆ.<br>Viðhorfskönnun til unglinga og foreldra.<br>Þátttaka í foreldrarölti.<br>Skýrslur úr vettvangsstarfi í hverfum. | Öflugt vettvangsstarf félagsmiðstöðva í samstarfi við aðra fagaðila.<br>Stuðningur við foreldra til foreldrarölts í hverfum borgarinnar.<br>Aukin þekking starfsfólks og foreldra á forvarnarstarfi.<br>Treystum böndin flyst meira á ábyrgð forstöðumanna sem að virkja skólastjórnendur í lið með sér í anda laga um farsæld barna. |
| | Auka fjölbreyttar fyrirmyndir í | Allar félagsmiðstöðvar<br>**Fjölmenning** | Forstöðu menn | 2025-2026 | Kortleggja tungumála- og menningarbakgrunn starfsfólks í | Fjölbreyttari fyrirmyndir í starfsmannahópnum.<br>Aukin og bætt fræðsla um fjölmenningu og inngildingu. |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | starfsmannahópi félagsmiðstöðva. | Að ráða inn starfsfólk með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, | | | félagsmiðstöðvum og nýta til þess að auka mannauð og bæta í þar sem það þarf | |
| **Sköpun** | Aukin virkni og þátttaka.<br>Efla styrkleika og áhugamál.<br>Aukin sjálfsefling.<br>Aukin félagsfærni. | Allar félagsmiðstöðvar **Forvarnir, samskipti og samkennd** forvarnarverkefni félagsmiðstöðva Tjarnarinnar. Styrkja sjálfsmynd, frumkvæði og viðhorf gagnvart sjálfum sér og öðrum í gegnum listsköpun. | Forstöðu menn | 2025-2026 | Ígrundun starfsmanna.<br>Þátttaka og virkni metin.<br>Samtöl við foreldra. | Starfsfólk og foreldrar upplifi aukna virkni og sköpun barna og unglinga í gegnum áhugamál, hæfileika og styrkleika.<br>Foreldrar og starfsfólk upplifi að verið sé að hjálpa börnum og unglingum að láta drauma sína rætast. |
| | Forvarnir gegn áhættuhegðun<br>Samkennd<br>Félags- og tilfinningahæfni<br>Þrautseigja<br>Inngilding | 100og1 og Draumaland<br>**List í miðborginni**<br>**Þróunarstyrkur SFS.** | Forstöðu menn | 2025-2026 | Umræður og vinnustofur í samstarfi við HÍ.<br>Rýnt í virkni og þátttökutölur.<br>Sjálfsmat þátttakenda. | Öflugur vettvangur til sköpunar og styrkleikaþjálfunar í félagsmiðstöð og frístundaheimili.<br>Aukin virkni og þátttöku í skipulögðu félags- íþrótta- og tómstundastarfi.<br>Öflugt inngildandi samfélag.<br>Aukin þrautseigja, samkennd, skilningur og virðing fyrir öðrum.<br>Aukin félags- og tilfinningahæfni. |
| | Aukin tækifæri til sköpunar<br>Aukin félagsfærni í gegnum samvinnu og sköpun<br>Aukin virkni og þátttaka.<br>Læsi. | 105<br>**Föruneytið**<br>Aukin þjálfun í sköpun og læsi.<br><br>Vinna gegn einangrun. | Forstöðu maður | 2025-2026 | Sjálfsmat hópsins í lok skólaárs.<br>Þátttaka metin út frá mætingartölum.<br>Viðhorfskönnun til foreldra og unglinga. | Virkni og þátttaka unglinga í gegnum áhugamál og styrkleika þeirra.<br>Skapandi hugsun.<br>Aukin félagstengsl og vinskapur. |
| **Virk þátttaka** | Aukin félagsfærni<br>Sjálfsefling<br>Aukið unglingalýðræði | 100og1<br>**Lýðræði í Austurbæjarskóla**<br>Valfag á skólatíma. | Forstöðu maður | 2025-2026 | Ígrundun eftir hvern viðburð.<br>Þátttaka og virkni metin með umræðum og sjálfsmati. | Aukin lýðræðisvitund meðal unglinga í félagsmiðstöðinni og í skólanum og aukin færni í jafningjafræðslu.<br>Viðburðarstjórnun, aukin þekking og færni. |
| | Aukin virkni og þátttaka.<br>Styrkja sjálfsmynd. | Hinsegin félagsmiðstöð S78 og Tjarnarinnar.<br>**10-12 ára starf.**<br>Vinna gegn einangrun. | Forstöðu maður | 2025-2026 | Samtöl við þátttakendur í upphafi og við lok verkefnis.<br>Samtöl við foreldra. | Aukin virkni og þátttaka hinsegin barna og unglinga.<br>Aukið aðgengi að frístundastarfi.<br>Aukin félagstengsl og vinskapur. |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Aukin félagsfærni og sjálfsþekking.<br>Efla foreldrasamstarf. | Munum leita leiða til að tryggja fjármögnun Hinsegin á árinu til að geta haft fleira fagfólk í vinnu. | | | Regluleg ígrundun. | |
| **Félagsfærni** | Aukin félagsfærni<br>Aukin virkni og þátttaka<br>Styrkja verndandi þætti<br>Efla vinnu með áhugasvið og styrkleika unglinga.<br>Aukin sjálfsþekking. | Allar félagsmiðstöðvar<br>**Sértækt hópastarf** | Forstöðu menn | 2025-2026 | Starfsmenn meta virkni og líðan með samtölum við unglinga og foreldra.<br>Viðhorfskönnun til unglinga og foreldra. | Aukin félagsfærni unglinga í gegnum vinnu með styrkleika þeirra og áhugasvið.<br>Bætt líðan og minni áhættuhegðun einstaklinga í hópnum. |
| | Aukin félagsfærni.<br>Aukin virkni og þátttaka.<br>Styrkja verndandi þætti.<br>Efla vinnu með áhugasvið og styrkleika unglinga.<br>Aukin sjálfsþekking. | 100og1<br>**Aukin viðvera, þverfaglegt samstarf og sértækt hópastarf** | Forstöðu maður | 2025-2026 | Starfsmenn meta virkni og líðan með samtölum við unglinga, foreldra og samstarfsfólk í þverfaglegu samstarfi.<br>Viðhorfskönnun til unglinga og foreldra. | Aukin virkni barna og unglinga.<br>Styrkja sjálfsmynd, frumkvæði og viðhorf gagnvart sjálfum sér og öðrum. |
| | Aukin félagsfærni<br>Aukin virkni og þátttaka<br>Styrkja verndandi þætti<br>Efla vinnu með áhugasvið og styrkleika unglinga<br>Aukin sjálfsþekking | Frosti<br>**Fjölbreyttir hópar og klúbbar í Frosta** | Forstöðu maður | 2025-2026 | Starfsmenn meta virkni og líðan með samtölum við unglinga og foreldra og samstarfsfólk í þverfaglegu samstarfi.<br>Viðhorfskönnun til unglinga og foreldra. | Aukin virkni barna og unglinga<br>Styrkja sjálfsmynd, frumkvæði og viðhorf gagnvart sjálfum sér og öðrum. |
| **Jöfnuður** | Aukið aðgengi allra barna og unglinga félagsmiðstöð<br>Aukinn jöfnuður<br>Aukið öryggi allra barna í starfinu | Allar félagsmiðstöðvar.<br>**Stuðningur** í félagsmiðstöðvunum.<br>Öll börn geti sótt félagsmiðstöðvarstarf. | Deildarst og forstöðu menn | 2025-2026 | Árangur metinn með endurmati á einstaklingsáætlunum í lok hverrar annar í samstarfi við | Jafnt aðgengi allra barna og unglinga að félagsmiðstöðvastarfi.<br>Aukin félagsfærni.<br>Vinatengsl. |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | þekkingarmiðstöð og foreldra. | |
| **Sjálfsefling** | Aukin sjálfsþekking<br>Aukin félagsfærni<br>Aukin virkni og þátttaka<br>Styrkja verndandi þætti | Gleðibankinn<br>**Sjálfseflingarhópastarf** | Forstöðu maður | 2025-2026 | Starfsmenn meta virkni og líðan með samtölum við unglinga og foreldra.<br>Viðhorfskönnun til unglinga og foreldra. | Aukin virkni barna og unglinga.<br>Styrkja sjálfsmynd, frumkvæði og viðhorf gagnvart sjálfum sér og öðrum. |
| | Efla sjálfstraust<br>Aukin félagsfærni<br>Sterkari sjálfsmynd<br>Aukið aðgengi að félagsmiðstöðvum<br>Aukið öryggi og vellíðan allra barna í starfinu | Hinsegin félagsmiðstöð S78 og Tjarnarinnar<br>**Skjól í stormi** | Forstöðu maður | 2025-2026 | Regluleg ígrundun og mat með aðstoð sérfræðinga innan háskólasamfélagsins<br>Starfsmenn meta virkni og líðan með samtölum við unglinga og foreldra. | Velferð og farsæld hinsegin barna og unglinga.<br>Öflugt foreldrasamstarf.<br>Öruggt og inngildandi félagsmiðstöðvastarf í félagsmiðstöðvum borgarinnar fyrir hinsegin börn og unglinga.<br>Símenntun fyrir starfsmenn allra frístundamiðstöðva borgarinnar verða í formi reynslunáms og fræðslu. |
| | Efla trú á eigin getu<br>Efla sjálfstraust<br>Sterkari sjálfsmynd<br>Aukið aðgengi | Allar félagsmiðstöðvar<br>**Regnbogavottun**<br>framhaldsvinna | Forstöðu maður<br>Hinsegin og deildarstj óri | 2025-2026 | Menningin sé hinseginvæn og endurspeglist í búnaði, orðræðu og viðhorfum starfsfólks og barna. | Sterkari sjálfsmynd hinsegin barna og jákvætt viðhorf til framtíðarinnar.<br>Aukin þekking starfsfólks á starfi með hinsegin börnum, foreldrum og starfsfólks.<br>Hinseginvænt frístundastarf. |
| **Látum draumana rætast** | Auka fjölbreytni í frístundastarfi<br>Virkni og þátttaka<br>Minni þátttaka barna og unglinga með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn í félagsmiðstöðva-starfi. | Félagsmiðstöðvar Tjarnarinnar<br>**Fjölbreytt dagsskrá í félagsmiðstöðvum Tjarnarinnar.**<br>Lýðræðisleg vinnubrögð og fjölbreytileiki.<br>Mæta fjölbreyttum hópi unglinga á vettvangi frítímans með áherslu á að hugsa upp nýjar leiðir til að ná til hópa sem almennt mæta ekki (s.s. áhugatengd viðfangsefni og kynjamiðað hópastarf).<br>Fara í samstarf við grunnskólana um að | Forstöðu menn og deildarstj | 2025-2026 | Forstöðumenn meta og skrá í áfangaskýrslum félagsmiðstöðva.<br><br>Rýna í niðurstöður ÍÆ/R&G um þátttöku barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn í félagsmiðstöðvar. | Dagskrá félagsmiðstöðva taki mið af þörfum ólíkra hópa.<br>Markviss valdefling barna og unglinga í grípa þau tækifæri sem bjóðast til að efla sig í áhugamálum sínum og styrkleikum.<br><br>Leitast verði við að jafna þátttöku barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn til jafns við þau sem koma frá heimilum þar sem eingöngu íslenska er töluð. Skv. Rannsóknum og greiningu mætir sá hópur um 10% minna í félagsmiðstöð en önnur börn. |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | spyrja börn/unglinga um áhugamál í foreldraviðtölum.<br><br>Ráða inn fleira starfsfólk með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. | | | | |

## Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

Mörg frábær þróunarverkefni verða í gangi á árinu og allir starfsstaðir Tjarnarinnar vinna að lágmarki eitt þróunarverkefni tengt menntastefnunni. Innleiðing menntastefnunnar og frístundastefnunnar verður í forgrunni og mun vera rauður þráður í gegnum allt starfið.

Stærsta áhersla ársins er að halda áfram að innleiða verkefnið „Betri borg fyrir börn", takast á við samfélagslegar breytingar sem snúa að auknum fjölbreytileika og stemma stigu við auknu ofbeldi í skóla- og frístundastarfi.

Aðstöðumál starfsstaða Tjarnarinnar verða einnig í brennidepli á starfsárinu. Það þýðir að bæta þarf aðstöðu starfsfólks Tjarnarinnar sem að vinnur úti í grunnskólunum og kortleggja hvernig samstarfið eigi að aukast börnunum til hagsbóta.

Í mannauðsmálum er lögð áhersla á að upplýsa starfsfólk og fræða um markmið starfsins og láta þau ávallt vera vakandi og spyrja sig af hverju við erum til staðar fyrir börn og unglinga, hvernig vinnum við og hvað gerum við. Við viljum bjóða upp á hvetjandi og heilsueflandi umhverfi fyrir starfsfólk.

## Samstarf

Í öllu starfi Tjarnarinnar er lögð áhersla á samstarf. Allar starfseiningar vinna í nánu samstarfi við grunnskólana í sínu hverfi og gott samstarf er við leikskólana. Mikil hefð er fyrir teymisvinnu milli forstöðumanna frístundaheimila og félagsmiðstöðva og mörg samstarfsverkefni milli starfsstöðva eru ár hvert. Áhersla hefur verið síðustu ár að auka samstarf og upplýsingastreymi til foreldra barna í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum og verður áfram haldið með þá vinnu.

Samstarf innan Vesturmiðstöðvar er afar gott og er komið í reglubundið form og boðleiðir hafa styst með því að hafa velferðar- og skóla- og frístundastjórnun í sama húsnæði. Verkefnastjórn BBB, betri borg fyrir börn fundar vikulega og skipuleggur fjögur hverfissamráð stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs þar sem brýn málefni eru tekin fyrir. BBB ber ábyrgð á að innleiða lög um samþætta þjónustu fyrir börn og fjölskyldur. Aukið samstarf er við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, barnavernd, framhaldsskólana og heilsugæsluna.

Lausnarteymi eru virk í öllu skóla- og frístundastarfi í borgarhlutanum og forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva eiga sæti í þeim teymum.

## Jafnréttisáætlun Tjarnarinnar

Frístundamiðstöðvar Reykjavíkur starfa út frá Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttis- og mannréttindamálum 2023-2026. Áætlunin byggir á lögum um jafnan rétt kynjanna, 13. grein laga um stjórnsýslu jafnréttismála og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þær aðgerðir sem eru á ábyrgð SFS og tengjast frístundastarfinu í aðgerðaráætlun borgarinnar eru útlistaðar hér fyrir neðan.

Þar ber hæst að setja inn að það sé tryggt á starfsstaðnum að það verði enginn starfsmaður fyrir kynferðislegu áreiti né ofbeldi. Einnig að allt starfsfólk sitji netnámskeið Barnahúss um einkenni kynferðisofbeldis og viðbrögð. Starfið sé fyrir börn af öllum kynjum og aðgengilegt öllum. Setja jafnvel inn fræðsluáætlun til þriggja ára. Jafnvel gera það sameiginlega fyrir allar frístundamiðstöðvarnar. Margt gagnlegt á vefnum stoppofbeldi.namsefni.is

| Aðgerð | Útfærsla frístundamiðstöðvar | Ábyrgð |
|---|---|---|
| 3.6.3 Tryggja að allt starfsfólk SFS sé upplýst um verkfærakistu um kynjajafnréttis- og hinseginfræðslu fyrir öll skólastig auk verkfærakistu menntastefnu. Sjá hér: https://reykjavik.is/unglingastig-verkfaerakista | Stjórnendur verði með kynningu fyrir starfsfólk á verkfærakistunni.<br>Framkvæmdastjóri kynnir á haustfundi stjórnenda og forstöðumenn á starfsmannafundum staðanna. | Framkvæmdastjóri<br>Forstöðumenn |
| 3.6.5 Tryggja að stjórnendur viti af fræðslu um málefni hinsegin fólks og skilji mikilvægi hennar fyrir börn og unglinga. | Allar starfseiningar Tjarnarinnar hafa hlotið Regnbogavottun og endurmat. | Framkvæmdastjóri |
| 3.6.5 Tryggja að fræðsla um málefni hinsegin fólks standi öllum nemendum í grunnskóla og frístundastarfi til boða. | Hinsegin vika félagsmiðstöðva Tjarnarinnar<br>Regnbogahlaup frístundaheimila Tjarnarinnar | Framkvæmdastjóri<br>Deildarstjórar |
| 3.6.6 Skipuleggja og hvetja starfsstaði SFS til að taka þátt í jafnréttis og mannréttindadögum í kringum 20. nóvember. | Viðburðir verða á öllum frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum 20.nóvember.<br>Réttindavika og afmæli barnasáttmálans í frístundaheimilum Tjarnarinnar. | Framkvæmdastjóri<br>Deildarstjórar<br>Forstöðumenn |
| 3.6.7 Ávarpa þátttöku allra félagsmiðstöðva í Viku6 í starfsáætlunum/aðgerðaráætlunum | Allar félagsmiðstöðvar Tjarnarinnar taka þátt í viku6 og það kemur fram í aðgerðaráætlunum.<br>Fjölbreytileikavika í frístundaheimilum | Framkvæmdastjóri<br>Deildarstjórar<br>Forstöðumenn |
| 3.6.9 Tryggja fræðslu frá forvarnarteymum grunnskóla í öllum árgöngum og fyrir allt starfsfólk gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Sjá netnámskeið Barnahúss um einkenni kynferðisofbeldis og viðbrögð. | Allir forstöðumenn sitja netnámskeið Barnahúss.<br>Fá fræðslu frá forvarnarteymi fyrir starfsfólk á hverjum stað. | Deildarstjórar<br>Forstöðumenn |

| | | |
|---|---|---|
| 3.6.12 Tryggja þekkingu stjórnenda og starfsfólks um rétt barna til að skilgreina kyn sitt og að þau njóti viðurkenningar á sínu kyni (kynvitund), m.a. með skýru verklagi og fræðslu. | Regnbogavottun allar starfsstaða Tjarnarinnar<br>Hinsegin félagsmiðstöð og góð tengsl við starfsstaði Tjarnarinnar.<br>Fjölbreytileikavika frístundaheimila og regnbogahlaup.<br>Hinsegin vika félagsmiðstöðva. | Framkvæmdastjóri<br>Deildarstjórar<br>Forstöðumenn |